

AUGLÝSING

**um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogsbæjar
á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.**

Smiðjuvegur 7. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari tíma breytingum, hefur bæjarráð Kópavogsbæjar samþykkt þann 7. september 2006 tillögu að deiliskipulagi við Smiðjuvegi 7. Í tillögunni felst að byggt er við núverandi hús, byggingu á einni hæð sem hefur sömu mænishæð og núverandi bygging, þannig að gert er ráð fyrir einni samfelldri byggingu á lóðinni. Gert er ráð fyrir að rífa núverandi viðbyggingu, tengibyggingu og þak á milli. Byggingarreitur er skilgreindur og nær frá núverandi byggingu um 2 metra lengra til norðurs, austurs og vesturs og samhliða lóðarmörkum til suðurs. Viðbótar byggingarmagn er áætlað 450 m² og heildarflatarmál húss verður um 2.824 m² og fjölgar bílastæðum um 14 stæði. Fjöldi bílastæða breytist úr 43 og verða alls 57 stæði.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 21. október 2006.

Smári Smáráson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 24. október 2006